

Liðakeppni GR 2018

Keppniskilmálar

- 1. Markmið** Liðakeppni GR er fyrir hópa innan GR, karla, kvenna eða blandaða. Er þetta fyrirkomulag fyrst og fremst hugsað til að styrkja og bæta félagsstarf innan golfklúbbsins.
- 2. Hlutgengi** Keppnin er fyrir fullgilda meðlimi GR sem hafa náð nítján ára aldri. Hver leikmaður má eingöngu vera skráður í eitt lið af þeim sem taka þátt í keppninni. Golfhópum sem ná að skipa fleiri en eitt lið er velkomið að skrá fleiri lið til keppni, en undir sitt hverju nafninu.
- 3. Fjöldi liða** Allt að 32 lið geta skráð sig til keppni.
- 4. Fyrirkomulag**
 - a. Riðlakeppni**
 - Liðum er skipt í riðla og leika 4 lið í riðli. Verði liðafjöldi ekki deilanlegur með fjórum munu einn til þrjú riðlar skipaðir þremur eða 5 liðum.
 - Átta lið komast áfram úr riðlakeppninni. Ef riðlarnir eru 8 talsins komast sigurliðin úr hverjum riðli áfram upp úr riðlunum og í útsláttarkeppnina. Séu riðlarnir færri komast stigahæstu liðin í öðru sæti áfram þannig að 8 lið alls komast áfram. Ef það eru 3 riðlar geta lið í þriðja sæti komist áfram.
 - Hver leikur gefur eitt stig. Ef leikir í riðlakeppni eru jafnir eftir 9 holur skal leik hætt og hvort lið fær hálf stig.
 - Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem lið hljóta í keppninni. Það lið vinnur sem hlýtur flest stig. Verði lið jöfn að stigum ræður fjöldi unninna leikja röð. Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningsliði í bráðabana. Í fjórmennungi leika tveir leikmenn einum bolta til skiptis.
 - Ef lið í öðru eða þriðja sæti riðla komast áfram gildir reglan hér á undan til þess að skera úr annað sætið eða þriðja sætið í riðlinum. Fjöldi vinninga hjá liði í sæti riðla sker úr um úr hvaða riðlum annað sætið gefi áframhaldandi þátttöku.
 - Lið leika bráðabana um áframhaldandi þátttöku dugi þessi skilyrði ekki til.
 - Í riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf.	2. umf.	3. umf.
2-3	2-4	3-4
1-4	1-3	1-2

b. Útsláttarkeppni

- Eftir riðlakeppni er keppt er með útsláttarfyrirkomulagi. Gert er ráð fyrir 8 liðum í útsláttarkeppni.
- Ef fjöldi liða er minni en 12, munu 4 lið komast áfram úr riðlakeppni.
- Sigurliðin úr hverjum riðli munu mætast með eftirfarandi hætti í 8 liða úrslitum:

1 - 8 , 2 - 7 , 3 - 6 , 4 - 5

Ef lið í öðru sæti riðils eða riðla komast áfram munu þau koma í stað þeirra riðla sem vantar, t.d. ef það eru 6 riðlar koma tvö bestu liðin í öðru sæti í stað liða úr

riðlum 7 og 8 . Annað dæmi er ef það eru þrjú riðlar. Þá geta þrjú lið komist áfram úr riðlum. Sigurlið riðla mætast ekki í átta liða úrslitum. Lið úr sama riðli geta ekki mæst í 8 liða úrslitum.

- iv. Vinningur fæst fyrir sigur í hverri viðureign. Séu holuvinningar jafnir að loknum 9 holu leik deila liðin vinningi. Séu lið jöfn að vinningum eftir alla leikina, fara jafnteflisleikirnir í bráðabana.

- 5. Leikmáti** Í hverri umferð bæði í riðlakeppni og í útsláttarviðureignum skal leika tvo tvímenningsleiki og einn fjórleik, en í fjórleik leika tveir leikmenn saman í liði, betri bolta. Fjórir leikmenn í hvoru liði leika því í hverri umferð. Hver leikur í umferðinni er 9 holur. **Þetta á ekki við um úrslitaleik keppinnar en þar leika 8 leikmenn fyrir hvort lið og hver leikur er 18 holur.** Leikið er með fullri forgjöf þannig að forgjafarhöggum er deilt út á hverja holu eftir forgjafarröð eins og hún er skilgreind á vellinum. Leikmaður með 8 í leikforgjöf á 18 holum fær þannig 4 forgjafarhögg á níu holu leggnum. Sé leikforgjöf á oddatölu þá fær leikforgjöf upphækkun um hálfan í 9 holu keppni ($13/2=6,5$ hækkar í 7).
- 6. Úrslitaleikur keppinnar** er stærri viðureign en í hinum umferðunum. Þá er leikinn einn átján holu fjórmenningur og 6 átján holu tvímennningar alls 8 leikmenn í hvoru liði. Í úrslitaleikum er leikið með fullri forgjöf. Verði bæði lið jöfn að vinningum eftir einn fjórmenning og 6 tvímenninga, skal hvort lið tilnefna einn leikmann til þess að leika bráðabana, sem hefst á 1. holu. Ef ekki nást úrslit á þeirri holu skulu aðrir tveir leikmenn leika næstu holu vallarins. Enginn leikmaður má leika aðra holu í bráðabana fyrr en allir leikmenn hafa leikið bráðabana. Það getur því fyrst gerst ef bráðabana hafa fallið á 8 fyrstu holum vallarins.
- 7. Leikdagar** Ákveðin tímafrestur verður auglýstur fyrir hverja umferð. Leik skal lokið áður en tímafrestur rennur út. Mótsstjóri hefur heimild til þess að dæma leiki tapaða eða jafna eftir atvikum, sé leik ekki lokið innan tímamarka.
- 8. Hæst er gefin leikforgjöf 28 í liðakeppninni.**
- 9. Leikstaður** Allar umferðir verða leiknar á Korpúlfsstaðavelli.
- 10. Mönnun** Hvert lið er skipað 6-10 leikmönnum, þar sem eingöngu 4 leikmenn í hverju liði taka þátt í hverri umferð, nema í úrslitaleik keppinnar þar sem 8 leikmenn í hvoru liði taka þátt.
- a. Við skráningu er skylt að tilgreina að minnsta kosti 6 leikmenn og að hámarki 10 leikmenn.
- b. Lið sem komast úr riðlakeppninni í útsláttarkeppnina þurfa að tilgreina að minnsta kosti 8 leikmenn áður en leikur í útsláttarkeppni hefst.
- 11. Mótsgjald** Þátttökugjald er 8.000 krónur á hvert lið og greiðist áður en lið hefur leik. Lið öðlast þátttökurétt þegar gjaldið er greitt.
- 12. Mótsstjóri** Atli Þór Þorvaldsson er mótsstjóri og dómari keppinnar. Hafa má samband við dómara meðan á leik stendur í síma 894-2811. Mikilvægt er að keppendur þekki vel reglurnar og mun á reglum í holukeppni og höggleik. Þekking á reglunum er á ábyrgð keppenda.
- 13. Nafnbót** Golfhópurinn sem á liðið sem stendur uppi sem sigurvegari fær nafnbótina Liðameistari GR.

Sjá skilgreiningar á næstu síðu:

Skilgreiningar

Tvímennitur; (singles): Þar sem tveir kylfingar mætast í holukeppni með forgjöf. Leikmenn gera grein fyrir leikforgjöf áður en leikur hefst. Leikmaðurinn með hærri forgjöfina fær mismuninn af forgjöf þeirra og deilist forgjafarmunurinn á erfiðustu holunna samkvæmt forgjafarmati á holum vallarins eins og fram kemur á skorkorti. Í 9 holu keppni fær leikmaður helming forgjafarmunar. Ef forgjafarmunur er oddatala þá hækkar hálf högg upp í næstu heiltölu.

Dæmi: Leikmaður með 18 í leikforgjöf mætir leikmanni með 9 í leikforgjöf. Fyrirnefndi leikmaðurinn fær högg í forgjöf á 9 erfiðustu holunna í 18 holu keppni (úrslitaleik). Í 9 holu keppni fær hann 5 högg (4,5 með upphækkun).

Fjórlleikur (fourball): Holukeppni með forgjöf. Tvö tveggja manna lið leika sínum bolta út holuna og betra skorið hjá hverju liði telur. Hér gildir á hverri holu skor hvers leikmanns að frádregnum forgjafarhöggum á hverri holu. Leikmaður með 6 í forgjöf fær eitt högg dregið frá skori sínu á 6 erfiðustu holunum. Leikmaður með 18 í forgjöf fær 1 högg dregið frá skori á öllum holum. Leikmaður með 24 í forgjöf fær tvö högg dregin frá á sex erfiðustu holunum og eitt högg á hinum tólf holunum. Í 9 holu keppni fá menn helming af 18 holu leikforgjöf.

Fjórmennitur (foursome): Holukeppni með forgjöf þar sem kylfingarnir skiptast á um að slá einum bolta út holuna. Þar sem hvort lið leikur einum bolta þarf að reikna út meðalleikforgjöf hvors liðs og liðið með hærri forgjöfina fær mismuninn á erfiðustu holunna.

Dæmi: Leikmenn í liði A eru með 8 og 14 í leikforgjöf eða 11 að meðaltali. Leikmenn í liði B eru með 6 og 24 í leikforgjöf eða 15 að meðaltali. Lið B fær 15-11 eða 4 forgjafarhögg, eitt högg á hverja af fjórum erfiðustu holunum.